

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 3/1999  
frá 29. janúar 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/98 frá 27. nóvember 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/28/EB frá 29. apríl 1998 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 93/43/EBE um hollustuhætti í matvælaíðnaði að því er varðar sjóflutninga á hrásykri í lausri vigt<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54j (tilskipun ráðsins 93/43/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0028:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/28/EB frá 29. apríl 1998 (Stjtið. EB L 140, 12.5.1998, bls. 10).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 140, 12.5.1998, bls. 10.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/28/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbaso

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

---